

279. fundur Skólanefndar FS

10. október 2006



Mættir: Ingimundur Þ. Guðnason, Páll Ingólfsson, Garðar Páll Vignisson, áheyrnarfulltrúarnir Guðbjörg Jónatansdóttir og Valgerður Björk Pálsdóttir og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Ingimundur setti fund í forföllum formanns og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Frumvarp til fjárlaga 2007.
 2. 30 ára afmæli skólans.
 3. Önnur mál.

1. Frumvarp til fjárlaga 2007.

Skólameistari kynnti tillögur varðandi fjármál framhaldsskóla í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007. Þar er gert ráð fyrir 945 nemendaígildum fyrir skólann en þá er búið að setja sérdeild inn í töluna. Það er í samræmi við áætlanir um fjölda nemenda og því þarf ekki að leiðrétta fjárveitingar eftir á eins og verið hefur. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með að búið er að viðurkenna fjölda nemenda í skólanum.


2. 30 ára afmæli skólans.

Skólameistari sagði frá hugmyndum afmælisnefndar varðandi afmæli skólans. Verið er að undirbúa útgáfu afmælisblaðs, opinn dag, afmælishátíð, dagsverk nemenda til styrktar skóla í Afríku o.fl.

3. Önnur mál.

- a) Skólameistari sagði frá því að upplýsingar um kennslu í námstækni verða kynntar á næsta fundi skólanefndar.
- b) Verið er að undirbúa vetnisverkefni og hafa kennarar í efnafræði, eðlisfræði, vélstjórn og máliðngreinum verið að vinna að því.
- c) Búið er að kaupa fjarfundabúnað og er ætlunin að gera tilraun með fjarkennslu í öldungadeild á vorönn.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari